



Ársskýrsla

2022



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2022

Reykjavík, ágúst 2023

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðaraðili: Kristín S. Hjálmtýsdóttir

Ritstjóri: Oddur Freyr Þorsteinsson

Umbrot og hönnun: María Margeirsdóttir, Hnotskógur

Prófarkalestur: Oddur Freyr Þorsteinsson, Þorsteinn Valdimarsson og Nína Helgadóttir

Myndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson, IFRC, ICRC, Undireins, starfsfólk og sjálfbóðaliðar Rauða krossins á Íslandi.

Forsíðumyndin er frá útsendingu sjónvarpsþáttarins Verum Vinir, sem var á dagskrá RÚV í október 2022.

Myndin sýnir Kristínu S. Hjálmtýsdóttur, framkvæmdastjóra Rauða krossins, ásamt kynnum þáttarins, Frey Eyjólfssyni og Guðrúnu Soleyju Gestsdóttur.



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Starfsemi Rauða krossins á árinu 2022	5
Neyðarvarnir	7
Heilbrigðisverkefni	8
Farendur	10
Alþjóðaverkefni	13
Fjáröflun	17
Fjármál	18

Ávarp formanns



Ágæti lesandi

Árið 2022 hafði svo sannarlega í för með sér miklar breytingar. Það sem ber líklega hæst er endalok kórónuveirufaraldursins, en Rauði krossinn á Íslandi gegndi veigamiklu hlutverki í viðbrögðum stjórnvalda við faraldrinum, þökk sé duglegum og ósérhlífnum sjálfbóðaliðum og starfsfólki. Á heimsvísu urðu líka umfangsmiklar breytingar sem félagið hefur þurft að aðlagast og mæta. Á aðalfundi í maí varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vera kjörin sem formaður félagsins, sem ég er afar þakklát fyrir.

Skömmu áður en kórónuveirufaraldrinum lauk náðu vopnuð átök í Úkraínu hins vegar nýjum hæðum og þau eru nú þau umfangsmestu í Evrópu frá endalokum seinni heimsstyrjaldar. Átökin hafa valdið því að milljónir Úkraínumanna hafa neyðst til að flýja heimili sín, meðal annars alla leið hingað til Íslands. Á sama tíma eru fleiri á flóttu í dag um heim allan en nokkru sinni fyrr og ljóst er að stórfelldir fólksflutningar vegna loftslagsbreytinga, óhagstæðra efnahagsaðstæðna og vopnaðra átaka eru áskorun sem heimsbyggðin öll þarf að mæta á næstu árum.

Við Íslendingar höfum gert okkar besta til að sinna okkar skyldum í alþjóðasamstarfi með því að taka á móti fólki á flóttu. Við höfum tekið flóttafólki frá Úkraínu opnum örmum, auk þess að rétta Venesúela-búum hjálparhönd og taka á móti fólki sem neyddist til að yfirgefa heimaland sitt til að flýja erfiðar aðstæður, ofsóknir, ofbeldi, kúgun og spillingu. Lengi vel

sinniti Rauði krossinn einnig talsmannabjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, en þeirri starfsemi lauk í maí á síðasta ári.

Samhliða þessum breytingum hefur átt sér stað mikil umræða um málefni flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd á öllum Vesturlöndum, sem Ísland hefur ekki farið varhluta af. Rauði krossinn hefur tekið þátt í henni, enda er það hlutverk félagsins að vera málsvári jaðarsettra hópa. Um leið hefur Rauði krossinn eft ýmis konar bjónustu fyrir flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd til að mæta þörfum þeirra betur.

Fleiri breytingar hafa litað starf félagsins, en auknar ófgar í veðurfari í kjölfar hnattrænna veðurfarsbreytinga hafa

valdið því að félagið hefur þurft að bregðast oftast við með því að opna fjöldahjálparstöðvar um allt land yfir vetrartímenn. Þetta hefur valdið auknu álagi á neyðarvarnarstarf Rauða krossins.

Rauði krossinn fetaði líka ótroðnar slóðir á liðnu ári með rekstri neyslurýmishins Ylju, sem var tilraunaverkefni til eins árs sem gaf afar góða raun og mikilvægt er að endurvekja við fyrsta tækifæri. Þá stóð félagið líka í fyrsta sinn fyrir fjáröflunarbætti sem var í beinni útsendingu á RÚV í október. Þar var starf þess innan- og utanlands kynnt betur fyrir almenningi. Þar var meðal annars farið inn á öflugt alþjóðastarf félagsins sem fer fram um allan heim, en áherslan hefur aðallega verið í Afríku sunnan Sahara.

Rauði krossinn á Íslandi vill enn sem áður vera málsvári mannúðar á Íslandi og alþjóðavettvangi og sýna þeim sérstaklega stuðning sem búa við erfiða stöðu og jaðarsetningu. Þetta gerum við með því að styðja við virkt og gefandi starf sjálfbóðaliða í nærsamfélagi sínu, enda er það markmið okkar að vinna að opnu, fjölbreyttu og friðsælu samfélagi. Fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi þakka ég sjálfbóðaliðum, félögum og stuðningsaðilum okkar fyrir að gera þetta kleift.

Með bestu kveðju,
Sílja Bára R. Ómarsdóttir
Formaður Rauða krossins á Íslandi



ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ EINS HAGSTÆTT AÐ LATA GOTT AF SÉR LEIÐA



Starfsemi Rauða krossins

á árinu 2022

Heimsfaraldurinn Covid-19 leið undir lok snemma á árinu og við það var síðustu farsóttarhúsum Rauða krossins lokað. Um 15.000 manns nýttu sér þjónustu farsóttar- og sóttvarnahúsa þessi rúmu tvö ár sem þau voru starfrækt.

Aðalfundur félagsins var haldinn í maí. Ýmsar breytingar voru þar samþykktar á lögum og tekjuskiptingu félagsins. Þá áttu sér einnig stað formannsskipti. Sveinn Kristinsson, sem leitt hefur félagið síðastliðinn áratug var ekki í framboði til áframhaldandi setu og Silja Bára R. Ómarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, var kjörin í hans stað. Silja Bára hefur það meðal annars að markmiði að auka veg og vanda ungs fólks innan Rauða krossins á næstu árum.

Samningur dómsmálaráðuneytisins við Rauða krossinn um talsmannþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd var ekki endurnýjaður. Með breytingunni færðist þjónustan til sjálfstætt starfandi lögfræðinga. Þegar mest var störfuðu um tveir tugir lögfræðinga hjá Rauða krossinum við talsmannþjónustuna. Félagið færir ráðuneytinu og öllu því góða

fólki sem starfað hefur hjá Rauða krossinum sem talsmenn síðustu átta ár bestu þakkar fyrir samstarfið með vonir um að þjónustan haldi áfram að vera landi og þjóð til sóma og fólki á flotta til heilla.

Skaðaminnkandi neyslurýmið Ylja tók til starfa í Reykjavík en um var að ræða tilraunaverkefni til eins árs, sem miðar að því að veita fólki sem notar vímuefni um æð öruggt neyslurými með liðsinni fagfólks. Félagið lýsir yfir áhyggjum vegna þess óþjóðafaraldurs sem geysar. Ljóst er að átaks er þörf.

Veðrið var oft erfitt á árinu og Rauði krossinn opnaði margar fjöldahjálparstöðvar vegna óveðurs og slæmrar fæðar. Umfangsmestu aðgerðirnar voru í desember þegar stór hluti Suður- og Suðvesturlands lokaðist, þar með talið Keflavíkurflugvöllur. Félagið brást einnig við fjölmörgum atburðum af mannavöldum, meðal annars í kjölfar mikils harmleiks á Blönduósi seint í ágústmánuði.

Veruleg fjölgun varð á umsóknum um alþjóðlega vernd á árinu. Einkum munaði þar annars vegar um umsóknir fólks


vegna vopnaðra átaka í Úkraínu sem leiddi til fjöldaflotta frá landinu og hins vegar frá Venesúela.

Einhverri umfangsmestu fjársöfnun félagsins fyrr og síðar var hleypt af stokkunum við upphaf átakanna í Úkraínu. Hundruð milljóna söfnuðust til handa þolendum átakanna. Félagið sendi nokkra sendifulltrúa til starfa, bæði innan Úkraínu en einnig til nágrannalanda þangað sem stór hluti flóttafólksins fór.

Stjórn


Stjórn félagsins skipa:
Silja Bára R. Ómarsdóttir, *formaður*
Sigríður Stefánsdóttir, *varaformaður*
Baldur Steinn Helgason
Elín Ósk Helgadóttir
Gréta María Grétarsdóttir
Ívar Kristinsson
Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar
Sigurjón Haukur Valsson
Símon Friðrik Símonarson
Sveinn Þorsteinsson
Valgerður Bláklukka Fjölvisdóttir
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir
Unnsteinn Ingason, *varamaður*

Skipting sjálfboðaliða eftir landshlutum




Skipting sjálfboðaliða eftir verkefnum

1922 sjálfboðaliðar í 2284 verkefnum



Kyn starfandi sjálfboðaliða á árinu



Starfsemi Rauða krossins á árinu 2022

Fjöldi og tegundir námskeiða 2022	Námskeið	Pátttakendur
Neyðarvarnarnámskeið	15	260
Hjálparsímanámskeið	6	103
Sálrænn stuðningur	42	496
Sálrænn stuðningur II	0	0
Vinaverkefnanámskeið	12	147
Námskeið um málefni farenta	26	238
Skaðaminnkunarnámskeið	8	65
Skyndihjálparnámskeið	360	4.592
Önnur námskeið	0	0
Sendifulltrúan námskeið	0	0
Fræðsla starfsfólks	3	17
Almenn fræðsla	2	29

Mannauður Rauða krossins

Starfsfólk Rauða krossins á Íslandi var 115 í lok árs 2022, 86 konur og 29 karlar með fjölbreytta menntun og viðtæka þekkingu og reynslu á starfssviði félagsins. Fjöldi stöðugilda í lok árs voru hinsvegar 89 talsins. Fækkun var á starfsfólki frá árinu áður í kjölfarið á lúkningu

verkefna. Starfsfólk félagsins var í árslok á níu mismunandi starfsstöðvum innan og utan landssteinanna. Á árinu náðist að jafna kynjahlutfall meðal starfsfólks um 3% og launamun kynjanna um 1,27%. Í lok árs 2022 samanstóð starfsmannahópurinn af 25% körlum og 75% konum.

Jafnlaunavottun

Rauði krossinn hlaut vottun á jafnlaunakerfi sitt árið 2019 og þar með heimild til að nýta jafnlaunamerkið í starfsemi sinni. Vottun kerfisins er til þriggja ára í senn en vottunaraðili (iCert) fylgir vottun eftir árlega með viðhaldsúttektum. Áætlað er að endurvottun á jafnlaunakerfi félagsins fari fram á haustmánuðum 2023. Rauði krossinn fór í viðhaldsúttekt á árinu sem Rauði krossinn stóðst án frávika og athugasemda. Í viðhaldsúttekt var farið yfir og lagt heildstætt mat á rekstur kerfisins m.t.t. krafna staðalsins ÍST 85:2012 og innri krafna þess. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins og er megin tilgangur þess að tryggja að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Umsagnir til Alþingis

Eftirfarandi umsagnir voru sendar til Alþingis um málefni sem varða félagið og skjólstæðinga þess:

- Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Tillaga til þingsályktunar.
- Breyting á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (einstaklingar sem flytjast innan viðskiptafyrirtækis).
- Tillaga til þingsályktunar um samning SP um bann við kjarnorkuvopnum.
- Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Almannavarnir
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfinu

NEYÐARVARNIR

Heimsfaraldur vegna Covid-19 endar

Töluvert var um smit í upphafi árs og þá voru sex farsóttarhús í rekstri í Reykjavík og eitt á Akureyri. Eingöngu var tekið á móti fólki með staðfest smit í einangrun. Í kjölfar afléttingar á samkomutakmörkunum var farsóttarhúsum svo lokað hvert af öðru þar því síðasta var lokað 31. mars 2022.

Í kjölfar Covid hefjast átök

Vopnuð átök í Úkraínu stigmöggnuðust í febrúar 2022 og ljóst var að mikið yrði um flóttafólk vegna þess. Vegna húsnæðis-skorts og fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd var lýst yfir hættustigi á landamærum og fjöldahjálparstöð var opnuð í Borgartúni 7B þann 4. október. Fram að áramótum komu um 1200 manns þangað, en fjöldahjálparstöðin er enn opin.

Fólkið okkar

Um 160 sjálfbóðaliðar eru í viðbragðshópum í sálrænum stuðningi og um 500 sjálfbóðaliðar í fjöldahjálpi um land allt. Námskeiðið „Inngangur að neyðarvörnum“ var haldið fjórum sinnum á árinu og fjöldi þátttakenda var um 80 manns. Tvö námskeið voru haldin fyrir nýliða í viðbragðshópi RKÍ. Hóparnir eru nú nokkuð vel mannaðir um land allt.

Æfingar voru haldnar hjá hluta hópanna en það er hlutverk hópstjóra að skipuleggja slíkar æfingar með stuðningi frá



neyðarvarnafulltrúa. Fræðslu- og kynningarfyrirlestrar voru haldnir reglulega fyrir hópana á landsvísi og var þá notast við fjárfundabúnað svo allir gætu fylgst með. Í október var svo haldinn fræðslu og hópeflisdagur fyrir hópstjóra á landsvísi í Skagafirði sem var vel sóttur.

Æfingar

Þrjár flugslysæfingar voru haldnar, á Ísafirði, í Reykjavík og á Akureyri. Góð þátttaka var meðal sjálfbóðaliða og hlutverk Rauða krossins í viðbragðsáætlunum var á æft, ásamt því að fræðsla um sálrænan stuðning var í boði fyrir alla viðbragðsaðila.


Fjöldi þolenda

2500 einstaklingar nutu stuðnings frá Rauða krossinum í kjölfar alvarlegra

atvika um land allt á árinu. Afar slæmt veður var yfir vetrartímann og voru opnaðar 24 fjöldahjálparstöðvar og önnur aðstoð í kjölfarið. Sá óvenjulegi atburður átti sér stað að Reykjanesbrautin lokaði í nánast tvo sólarhringa vegna ófærðar og í kjölfarið var opnuð fjöldahjálparstöð í Reykjanesbæ.

Mikil aukning var í útköllum milli ára vegna ofbeldis. Fjöldi útkalla vegna rána og vegna fólks sem varð vitni að ofbeldi var svipaður, en flest útköll á árinu hafa verið vegna hnífa- og skotvopnaárása. Rauði krossinn veitir sálræna fyrstu hjálpi til þolenda, vitna og aðstandenda eftir ofbeldisbrot.

Fjöldi og tegund útkalla



Útkall eftir landshlutum



Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



HEILBRIGÐISVERKEFNI

Samráðshópur áfallamála

Samráðshópur áfallamála á landsvísi var formlega virkjaður tvisvar sinnum á árinu vegna alvarlegra atburða. Hópurinn er skipaður fulltrúum frá Rauða krossinum, heilbrigðisstofnunum, sveitarfélögum, kirkju og lögreglu í hverju umdæmi fyrir sig. Að auki voru samráðshópar um landið virkjaðir eftir þörfum. Vinna hóparnir að kortlagningu, upplýsingagjöf og fræðslu um áfallamál, auk þess að gera áætlun í samstarfi við aðgerðastjórn Almanna-varna í umdæminu um það hvernig áfallabjónustan færast yfir til bjónustu viðkomandi umdæmis.

Námskeið

Námskeiðið *Sálræn fyrsta hjálp* (e. psychological first aid) var haldið með reglulegu millibili fyrir starfsfólk, sjálfbóðaliða og almenning. Þróað var nýtt námskeið sem snýr að sjálfsrækt (e. self-care) og voru haldin nokkur slík námskeið fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða, bæði á íslensku og ensku.

Skyndihjálpar

Skyndihjálparmanneskja ársins 2021 var Elsa Albertsdóttir, sem bjargaði lífi föður síns, Alberts Eðvaldssonar, þegar hann fór skyndilega í hjartastopp. Var viðurkenning veitt við hátíðlega athöfn á 112 deginum þann 11. febrúar.

Rauði krossinn lagði áherslu á að mynda og styrkja tengslin við önnur landsfélög á árinu hvað varðar skyndihjálpar. Rauði krossinn tók þátt í aðalfundi FAAEN í september, sem er tengslanet landsfélaga



Elsa Albertsdóttir var valin skyndihjálparmanneskja ársins árið 2021. Hún bjargaði lífi föður síns þegar hann fékk skyndilegt hjartastopp.

í Evrópu í málefnum skyndihjálpar, en fundurinn fór fram á netinu. Rauði krossinn sendi síðan fulltrúa sinn á samnorrænan skyndihjálparfund þar sem landsfélög Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands komu saman í vinnustofum um skyndihjálpar og sálræna fyrstu hjálpar.

Síðast en ekki síst var haldið Endurmenntunarnámskeiði fyrir leiðbeinendur í nóvember sem var vel sótt.

Félagsleg verkefni

Markmið vinaverkefna sem eru starfrækt víðsvegar um landið er að rjúfa félagslega einangrun fólks með því að veita félagsskap, nærveru og samveru. Heimsóknir og samtöl eru alltaf útfærð í samráði við þátttakendur í verkefninu. Útfærslur vinaverkefna geta verið fjölbreyttar og þátttaka margs konar, svo sem spjall, símtal, gönguferð, ökuferð, upplestur, aðstoð við handavinnu o.s.frv.. Í hunda-

vinaverkefninu heimsækja hundar svo einstaklinga eða hópa með eiganda sínum og skapa þannig skemmtilega samveru. Virk pör í vinaverkefnum voru um 300 árið 2022.

Aðstoð eftir afplánun er ætlað að vera stuðningsnet fyrir fólk sem er að ljúka afplánun í fangelsi, en verkefnið er á vegum Hafnafjarðar-, Garðabæjar- og Kópavogsdeildar. Gert er ráð fyrir að samfylgdin vari í eitt ár og á því tímabili aðstoði sjálfbóðaliði einstaklinginn við að aðlagast samfélaginu með því að efla getu viðkomandi til að takast á við áskoranir sem verða á vegi hans, nýta sér opinbera bjónustu og öðlast tiltrú á eigin getu til að stjórna sínu lífi. Alls voru 45 einstaklingar sem hafa lokið afplánun í samfylgd sjálfbóðaliða árið 2022.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu



Myndin sýnir starfsfólk Rauða krossins við störf á vettvangi eftir bruna.

Frú Ragnheiður 2022

	Einstaklingar	Heimsóknir	Meðal fjöldi heimsóknna
Höfuðborgarsvæði	643	5.987	9
Akureyri	45	330	7
Suðurnes	46	428	9
Alls	734	6.745	8

Skaðaminnkun

Verkefnið Frú Ragnheiður, sérinnréttaður bíll þar sem starfsfólk og sjálfbóðaliðar veita skaðaminnkandi vettvangsþjónustu, hélt starfsemi sinni áfram á þremur stöðum á landinu; á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum. Þar er boðið upp á nálskiptþjónustu, heilbrigðisþjónustu, sálrænan stuðning og ráðgjöf.

Á árinu var farið í dreifingu á lyfinu Naloxone til notenda og aðstandenda þeirra, þeim að kostnaðarlausu. Naloxone nefúðinn er mótefni við of stórum skammti ópíóíðalyfja og er nefúðinn notaður sem neyðarmeðferð.

Stöðug aukning er á notenda og heimsóknarfjölda í Frú Ragnheiði, sem sýnir það traust sem skapast hefur um þjónustuna.

Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu Frú Ragnheiðar árið 2022 var 734 og um 90% þeirra komu í Frú Ragnheiði á höfuðborgarsvæðinu. Heimsóknir þessara einstaklinga voru 6.745 talsins.

Hver einstaklingur hefur því nýtt sér verkefnið að meðaltali átta sinnum á tímabilinu, en vert er að hafa í huga að það eru fáir skjólstæðingar sem koma oft og þurfa mikla og þunga þjónustu á meðan aðrir koma einungis einu sinni. Um 60% skjólstæðinga eru karlkyns, 39% kvenkyns og 1% annað. Meðalaldur fólks sem nýtir sér úrræðin er um 37 ár.

Hluti af samfélagslegri skaðaminnkun verkefnisins er að safna saman notuðum sprautubúnaði og koma honum í örugga förgun, en skaði getur hlotist af ef slíkum búnaði er hent í ruslatunnu eða hann skilinn eftir á víðavangi. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar hafa skilað inn samtals 4.018 lítrum af notuðum nálum og sprautubúnaði sem farið hefur í örugga förgun.

Árið 2022 markaði tímamót í skaðaminnkun á Íslandi en þann 10. mars opnaði Ylja, fyrsta neyslurýmið hér á landi og var það starfrækt af Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu í sérútbúnum bíl. Ylja var tilraunarverkefni til eins árs og

tilgangur þess var að meta þörfina fyrir staðbundið neyslurými. Rekstur verkefnisins gekk vonum framar. Rýmið var nýtt frá fyrsta degi og aukin aðsókn hefur sýnt fram á þörfina fyrir staðbundið neyslurými. Árið 2022 heimsóttu 113 einstaklingar Ylju, en alls voru heimsóknir 1.098.

Hjálparsíminn og netspjall – 1717

Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is gegna því hlutverki að veita sálrænan stuðning, virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri. Hægt er að leita til Hjálparsímans í gegnum símanúmerið 1717 og í gegnum netspjall 1717 (www.1717.is) allan sólarhringinn og er þjónustan gjaldfrjálss.

Hjálparsíminn sem hluti af neyðarvörnum

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af Almanna-vörnum ríkisins. Þegar neyðarástand skapast innanlands gegnir 1717 því hlutverki upplýsingasíma. Þá hefur hjálparsíminn það hlutverk að veita sálrænan stuðning og skrá íbúa ef rýming fer fram.

Alls störfuðu rúmlega 90 sjálfbóðaliðar við verkefnið árið 2022. 1717 er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri.

Heildarfjöldi samtala 2022


	Fjöldi samtala
Símtöl	7.003
Netspjall	12.028
Heildarfjöldi	19.031

Aukin fræðsla um sálfélagslegan stuðning og málefni flóttafólks

Rauði krossinn á Íslandi fékk styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í júní 2022 til að mæta auknum þörfum fyrir sálfélagslegan stuðning vegna mikillar fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd í kjölfar vopnaðra átaka í Úkraínu. Styrkurinn var ígildi eins stöðugildis til sex mánaða og verkefnið miðaði annars vegar að því veita flóttafólkinu sjálft aukinn sálfélagslegan stuðning og hins vegar að veita viðbragðsaðilum aukna fræðslu og þjálfun. Ákveðið var að fara þá


Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Símtöl og netspjöll




Ánægjukönnun á netspjalli 2022


76% notenda voru ánægðir með þjónustuna



Aldur þeirra sem hafa samband



Kyn þeirra sem hafa samband



leið að veita flóttafólki aukinn stuðning í formi fræðslu um vellíðan og streitu-stjórnun, en því miður var einungis hægt að hafa þessa fræðslu á ensku og það reyndist vera töluverð hindrun. Unnið er að því að bjóða slíka fræðslu á öðrum tungumálum á næstu misserum.

Á árinu var aukið verulega við fræðslu fyrir viðbragðsaðila, þar á meðal sjálfboðaliða og starfsfólk Rauða krossins, en einnig samstarfsaðila s.s. sveitarfélög, grunnskóla, Vinnumálastofnun, o.fl.. Auk námskeiðs í sálrænni fyrstu hjálp var bætt við námskeiði um Geðheilbrigði flóttafólks og menningarnæmi, og Sjálfsrækt í starfi með viðkvæmum hópum. Vegna eftirspurnar frá skólum var einnig bætt við námskeiði um Börn á flótta og áföll.

Samtals voru haldin 68 námskeið sem 1486 manns sóttu.

Rauði krossinn átti einnig frumkvæði að auknu samstarfi á milli félagasamtaka sem vinna að málefnum flóttafólks og sálrænum stuðningi, og voru tveir umræðufundir haldnir. Áætlað er að halda þessu samstarfi áfram til að bæta upplýsingaflæði og styrkja málsvastarfarir fyrir málaflokkinn.

FARENDUR

Flóttafólk og innflytjendur

Alls settust 3.656 manns frá tæplega 20 ríkjum að hér á landi eftir að hafa fengið alþjóðlega vernd, dvalarleyfi af mannúðar-ástæðum eða tímabundna vernd á árinu 2022. Langflest komu frá Úkraínu eða 2.316 manns. Ekkert kvótaflóttafólk kom í boði stjórnvalda á árinu. Enginn kvóti hefur enn verið áætlaður af stjórnvöldum fyrir árin 2021, 2022 eða 2023 sem er miður, enda ein af fáum löglegum leiðum fyrir fólk á flótta í öruggt skjól. Í heildina varð þó gríðarleg fjöldun flóttafólks á landinu sem kom á eigin vegum, sem rekja má til átakanna í Úkraínu. Fjöldi

þeirra sem hlaut vernd á síðasta ári er meiri en allt það fólk sem hefur fengið vernd hér á landi árin 1956 – 2021.

Undanfarin ár hefur flóttafólk aðallega sest að í fáum sveitarfélögum en á síðasta ári settist fólk að í um 30 sveitarfélögum, þannig að félagið vinnur nú að því að útvíkka þjónustu sína til þessara staða og bregðast við þeim fordæmalausu viðbótarþörfum sem sköpuðust á árinu, sem og þeim breytingum sem urðu á móttökukerfi stjórnvalda.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Rauði krossinn hefur sinnt félagsstarfi og félagslegum stuðningi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd frá 2014 samkvæmt samningi sem var fyrst gerður við dómsmálaráðuneytið en er nú við Vinnumálastofnun. Rauði krossinn sinnti einnig talsmannapjónustu fram til 1. maí 2022. Flestir umsækjendur sem fengu jákvæða niðurstöðu um vernd voru frá:

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

- Úkraínu, 2316 manns
- Venesúela, 728 manns
- Sýrlandi, 62 manns
- Sómalíu, 35 manns

Félagsstarf með umsækjendum um alþjóðlega vernd

Fjöldi viðburða á árinu 2022 var 548 eða að meðaltali 45 á mánuði. Í janúar 2022 féll meirihluti viðburða niður vegna Covid. Samtals voru skráðar komur á alla viðburði 12.323. Framlag sjálfboðaliða í félagsstarfinu var 1.362 mætingar og unnar klukkustundir 2.809. Á árinu var ákveðið að sameina félagsleg úrræði á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og fólk sem komið er með vernd hér-landis til að bæta þjónustuna og nýta betur fjármagn og mannauð.

Almennri upplýsingagjöf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd er sinnt í opnum viðtalstímum sem á árinu 2022 voru 103. Viðtalstímar eru haldnir vikulega í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Þar gefst þeim kostur á að leita upplýsinga ásamt því að ræða það sem þeim liggur á hjarta.

Þjónusta við fólk sem hefur fengið vernd

Flóttafólk með vernd hér sem leitar eftir þjónustu Rauða krossins er flest á aldrinum 30-45 ára. Stærstur hluti þeirra er á höfuðborgarsvæðinu, eða um 80%, en hin búa vítt og breitt um landið. Langflest nýta sér þjónustu Rauða krossins fyrsta árið í nýjum heimkynnum en síðan eru alltaf einhver sem þurfa lengri stuðning s.s. vegna viðkvæmrar stöðu, langrar áfallasögu eða fjölskyldusameininga. Þá eykst þátttaka flóttafólks í fjölbreyttum verkefnum Rauða krossins ár frá ári og er áfram unnið að eflingu þeirra.

Að loknu tilraunaverkefni í samræmdri móttöku á vegum stjórnvalda fyrir allt flóttafólk sem fær vernd eða dvalarleyfi var því verkefni komið formlega á á seinni hluta ársins 2022. Aðkoma Fjölmenningsseturs og Vinnumálastofnunar var aukin verulega en verkefni Rauða krossins verða með breyttu sniði og munu aðallega felast í að efla andlegt heilbrigði og sálfélagslegan stuðning fyrir þau sem hingað leita og eiga að baki langa og erfiða flótta- og/eða áfallasögu. Sjálfboðaliðar verkefnisins héldu því starfi uppi af krafti.


Meginstuðningur Rauða krossins til fólks af erlendum uppruna kemur í gegnum verkefni Leiðsöguvinir, sem miðar að tengslamyndun, og Tölum saman, þar sem lögð er áhersla á íslenskubjálfun. Biðlisti hefur iðulega myndast eftir sjálfboðaliðum í bæði verkefni sökum mikillar fjölgunar flóttafólks og áskorana við að breiða verkefni út um allt land. Íslenskuþjálfun er veitt víðsvegar um landið, meðal annars á Akureyri og víðar. Áfram er unnið að því að þróa starfið um allt land með viðkomandi deildum, en það

tafði þróun verkefnanna að ekki höfðu náðst samningar við stjórnvöld um þennan hlut stuðningsins. Eins og áður sagði var ákveðið að allt félagslegt starf í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu, þar sem búa bæði umsækjendur um vernd og fólk með stöðu flóttafólks, yrði opið fyrir báða hópana.


Könnun var gerð á ánægju notenda sem hafa fengið vernd með þjónustu og stuðning Rauða krossins. Svarendur voru yfirgnæfandi ánægðir með þjónustuna, hæst skoraði fatastuðningur (85%) og upplýsingar/stuðningur sjálfboðaliða og starfsmanna (84%). 94% fólks fannst því vera mætt af virðingu og 99% upplifðu sig örugg eða mjög örugg í þjónustu Rauða krossins.

Jafnframt kom fram fjöldi hugmynda um fjölbreyttara starf og eins hefur fólk áhuga á að taka sjálft þátt í alls kyns sjálfboðastarfi félagsins. Skoðanir og tillögur notenda eru afar dýrmætari og hjálpa til við að þróa verkefnið áfram.

Hvaða þjónustu Rauða krossins líkar þér best við?



Að taka þátt í þjónustu/starfsemi Rauða krossins hjálpar mér að...



Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Alþjóðleg leitarþjónusta og fjölskyldusameiningar

Rauði krossinn veitti 498 ráðgjafarviðtöl varðandi umsóknir um fjölskyldusameiningu, sem síðan eru afgreiddar af Útlendingastofnun. Mikil fjölgun hefur verið á viðtölum milli ára en helstu ástæður þess eru að verklagi var breytt og nú fá þeir umsækjendur sem þess þurfa tvö viðtöl hjá Rauða krossinum í stað eins. Önnur ástæða er mikil fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi. Skjólstæðingar Rauða krossins sem sóttu formlega um fjölskyldusameiningu voru 229. Ásamt því að ráðgjöf vegna umsóknarferlisins fengu skjólstæðingar aðstoð við umsóknir, upplýsingar og sálrænan stuðning á meðan umsóknarferli stóð yfir.

Alls fengu 129 einstaklingar vernd á Íslandi í gegnum fjölskyldusameiningu með aðstoð Rauða krossins. Af þeim 129 sem komu til landsins og sameinuðust

fjölskyldumeðlimum sínum voru 75 börn, 44 makar og 10 foreldrar sem sameinuðust barni sínu. Flest voru frá Afganistan, Palestínu, Sómalíu, Sýrlandi og Venesúela.


Á árinu 2022 sendi leitarþjónusta Rauða krossins út leitarbeiðnir vegna tíu einstaklinga, aðallega flóttafólks sem misst hefur samband við ættingja sína í heimalandi vegna vopnaðra átaka.

Ánægjukönnun var send á alla umsækjendur um vernd sem nýttu ráðgjöf Rauða krossins vegna fjölskyldusameininga árið 2022 og var svarhlutfall notenda hátt, eða 60%. Af þeim sem svöruðu töldu 89% að þjónustan sem þau fengu væri góð/mjög góð og 98% þeirra sem svöruðu töldu sig hafa upplífað stuðning, virðingu og vinsemd í samskiptum við starfsfólk Rauða krossins.


Fataaðstoð

Rauði krossinn afhenti endurgjaldslaust fatakort til bæði umsækjenda um alþjóðlega vernd og þeirra sem fengu alþjóðlega vernd, sem nýta má í ákveðnum verslunum Rauða krossins. Hvert kort er að andvirði 5.000 króna. Umsækjendur um vernd fengu alls 8.865 fatakort á árinu og fólk sem komið var með vernd fékk alls 4.314 fatakort árinu. Bæði börnum og fullorðnum er veitt þessi aðstoð og er stuðningurinn við börnin varðandi kuldafatnað fyrir íslenska skóla- og leikskólaveturinn sérstaklega mikilvægur.

Fjöldi viðtala



Útsendar leitarbeiðnir



Alþjóðaverkefni

Áherslur í alþjóðlegu samstarfi á árinu 2022



Áherslur Rauða krossins á Íslandi í alþjóðlegu samstarfi lúta að jafnrétti kynjanna og aukinni vernd berskjaldaðra hópa, áherslu á að styrkja landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans svo þau geti sinnt sjálfbærni hjálpar- og mannúðarstarfi í sínum samfélögum ásamt viðbrögðum við og mótvægi gegn loftslagsbreytingum.

Samstarf við stjórnvöld og atvinnulíf

Rauði krossinn og utanríkisráðuneytið skrifuðu í fyrsta sinn undir rammasamning um verkefni á sviði þróunarsamvinnu í mars 2022 og skrifuðu einnig undir nýjan samning um mannúðaraðstoð í framhaldi af rammasamningi um mannúðaraðstoð sem unnið var eftir á árunum 2018 til 2021. Á síðastliðnu ári hlutu mannúðarverkefni Rauða krossins 210 milljónir króna á grundvelli rammasamnings, þar af hlutu verkefni í Úkraínu og nágrannaríkjum 70 milljónir króna. Þróunarsamvinnuverkefni hlutu á sama tímabili 120 milljónir króna.

Rauði krossinn fékk einnig tvo styrki frá utanríkisráðuneytinu fyrir kynningar- og fræðsluverkefni, samtals sjö og hálfa milljón króna. Fyrra verkefnið hófst sumarið 2022 og snýr að eflingu Rauða krossins í að bregðast við ofbeldi, mismunun og útilokun. Markmið verkefnisins er að Rauði krossinn á Íslandi tryggi reisn, aðgengi, þátttöku og öryggi fyrir alla og geti verið leiðandi landsfélag innan

hreyfingarinnar þegar kemur að vernd, jafnrétti og þátttöku án aðgreiningar. Verkefnið byggir á fræðslu fyrir starfsfólk og sjálfbæðaliða, viðamikilli úttekki á starfi og virkni Rauða krossins og að lokum áætlanagerð. Seinna verkefnið er kynning á alþjóðaverkefnum félagsins sem kemur til framkvæmda á árinu 2023.

Fyrirtæki veittu mikilvægan fjárstuðning til alþjóðlegra verkefna Rauða krossins. Mörg fyrirtæki lögðu fram veglegan stuðning vegna aðgerða Rauða kross hreyfingarinnar í Úkraínu og nágrannaríkjum, en fyrirtæki hafa einnig stutt sérlega vel við vatnsverkefni í Malaví og færanlega heilsugæslu fyrir um 30 þúsund manns í Sómalíu.

Áherslusvæði

Áherslusvæði Rauða krossins á Íslandi eru Afríka sunnan Sahara og Miðausturlönd. Rauði krossinn hefur stutt nokkur landsfélög innan áherslusvæðisins áratugum saman og byggt upp gott samstarf við landsfélögin í Malaví, Síerra Leóne og Sómalíu í gegnum lengri þróunarverkefni. Í Miðausturlöndum hefur Rauði krossinn líka lengi stutt starf palestínska Rauða hálfmánans og hélt sambandi við hann á síðasta ári. Þegar mannúðarkrísar skapast styður Rauði krossinn á Íslandi við neyðarbeiðnir sem berast frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráði Rauða krossins, með

sérstaka áherslu á að veita mannúðaraðstoð á áherslusvæðunum. Á síðastliðnu ári skapaðist mikil neyð innan Evrópu vegna átakanna í Úkraínu og því hefur stuðningur einnig verið veittur innan Evrópu. Neyð innan Afganistan jókst mjög árið 2021. Vegna ástandsins hefur starfsemi mannúðarsamtaka reynst erfið í landinu, en í krafti hlutleysis síns og óhlutdrægni getur Rauða kross hreyfingin sinnt mannúðarstörfum þar, sem fengu stuðning héðan. Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi sinna svo störfum þar sem þörf er fyrir þeirra sérþekkingu og vinnuframlag og stuðningur þeirra er ekki bundinn við áherslusvæði.

MANNÚÐARADSTOÐ

Afríka

Á síðastliðnu ári var hungur í Afríku sunnan Sahara af stærðargráðu sem ekki hefur sést áður. Hungur var viðvarandi í fjölda ríkja og 146 milljónir íbúa bjuggu við fæðuóryggi. Ástandið er víða slæmt en einna verst í horni Afríku, ekki síst í Sómalíu, þar sem eitt af hverjum sex börnum þjást af alvarlegri vannæringu og milljónir íbúa eru á barmi hungursneyðar. Rauði krossinn á Íslandi styrkti viðbrögð Rauða kross hreyfingarinnar vegna hungurs í Sómalíu með dyggum stuðningi utanríkisráðuneytisins og almennings. Í september 2022 hafði sómalski Rauði hálfmáninn veitt eftirfarandi mannúðaraðstoð með stuðningi hreyfingarinnar:

¹ Tölur á yfirlitinu á næstu síðu ná yfir aðstoð samstarfsaðila Rauða krossins á Íslandi í heild sinni og einskorðast ekki einungis við framlag Rauða krossins á Íslandi.

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020



- 23.988 íbúar nutu góðs af fjárhagsaðstoð til að mæta grunnþörfum.
- 292.698 íbúar bjuggu við minni heilbrigðisáhrættu, meðal annars vegna eftirlits með vexti og næringu barna undir fimm ára aldri.
- 114.766 íbúar fengu bætt aðgengi að vatni vegna viðgerða á 28 vatnsbólum.

Rauði krossinn á Íslandi hefur um árabil stutt sómalska Rauða hálfmánann í að halda úti færanlegri heilsugæslu sem sinnir hirðingjasamfélögum í Hargeisa-héraði. Heilsugæslan er nú fjármögnuð nær alfarið af íslenskum velunnurum Rauða krossins á Íslandi. Á árinu 2022 veitti heilsugæslan eftirfarandi aðstoð:

- 30.400 íbúar fengu bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.
- 15.816 íbúar fengu aðstoð vegna algengra kvilla.
- 7.873 börn undir fimm ára aldri voru undir eftirliti varðandi vöxt og þroska.
- 5.147 konur nutu góðs af mæðravernd.
- 4.800 konur og stúlkur fengu vörur til að styðja við tíðahrelnæti.
- 16.652 íbúar fengu heilbrigðisfræðslu.

Í janúar 2022 skall hitabeltislægð á Malaví og flóð ollu mikilli eyðileggingu. Þá studdi Rauði krossinn á Íslandi mannúðaraðstoð malavíska Rauða krossins í samvinnu við danska Rauða krossinn. Aðstoðin fól í sér að:

- 16.723 heimili fengu heimilissvörur og stuðning við að fá húsaskjól.
- 4.111 heimili fengu beina fjárhagsaðstoð.

Evrópa

Átök í Úkraínu settu sinn svip á Evrópu á síðastliðnu ári. Í dag eru tæplega sex milljónir íbúa á vergangi innan Úkraínu og meira en 7,8 milljónir hafa flúið til annarra ríkja. Rauði krossinn á Íslandi, með stuðningi utanríkisráðuneytisins og fjöldamargra fyrirtækja og einstaklinga, studdi aðgerðir Alþjóðaráðs Rauða krossins í Úkraínu. Alþjóðaráðið veitti eftirfarandi mannúðaraðstoð á árinu 2022:

- 885.917 íbúar hlutu beina mataraðstoð.
- 10.800.213 íbúar hlutu aðstoð við vatnsöflun.
- 904.296 íbúar hlutu aðstoð sem laut að húsnæði.
- 230 sjúkrahús og heilsugæslur fengu stuðning.
- 1.048 málum er varðað leit að fjölskyldumeðlimum var lokað þar sem staðsetning einstaklings eða örlög hans voru staðfest.

Rauði krossinn á Íslandi studdi auk þess mannúðaraðgerðir Rauða krossins í Moldóvu í gegnum Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans, en þangað flúðu um 107.000 einstaklingar frá Úkraínu.

- 33.300 einstaklingar fengu stuðning við grunnþarfir (t.d. mat, föt, teppi, heimilisáhöld, hreinlætisvörur).
- 14.100 einstaklingar fengu sálrænan stuðning.
- 3.800 einstaklingar fengu tímabundið húsaskjól.

Rauði krossinn á Íslandi studdi einnig fræðasetur Rauða krossins í sálrænum stuðningi (e. *IFRC Psychosocial Reference Centre*) til að styrkja getu hreyfingarinnar til að veita sálrænan stuðning í kjölfar átaka.

Miðjarðarhaf

Sjóferð fólks frá Afríku og Mið-Austurlöndum yfir Miðjarðarhafið í leit að alþjóðlegri vernd í Evrópu er ein sú hættulegasta í heimi. Talið er að hátt í 160 þúsund farendur hafi farið yfir hafið á síðasta ári og tæplega 2500 hafi látist, en nákvæmar tölur eru ekki til staðar. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans hóf samstarf við samtökin SOS Mediterranée (SOS MED) árið 2021. SOS MED stýrir leit og björgun á björgunarskipinu Ocean Viking, en Alþjóðasambandið sér um neyðarþjónustu fyrir þau sem bjargað er um borð. Rauði krossinn á Íslandi hefur frá upphafi stutt við verkefnið og sent sendifulltrúa til starfa um borð.

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020



Árið 2022 kom Ocean Viking að 45 björgunum þar sem 2.505 einstaklingum var bjargað, þar af 751 barni, en 600 þeirra voru fylgdarlaus.

- 2.505 teppum var deilt út.
- 46.000 máltíðir voru gefnar.
- 2.505 neyðarpakkar (með fötum, handklæði, tannbursta o.fl.) voru gefnir.
- 395 einstaklingar fengu heilbrigðisþjónustu.
- 2.627 heilbrigðisviðtöl voru veitt.
- 18 neyðarsjúkraflutningar fóru fram.

Asía

Í Afganistan tóku Talibanar völd í september 2021 og í kjölfarið skapaðist mikil neyð. Með aðstoð utanríkisráðuneytisins og framlögum frá almenningi styrkti Rauði krossinn á Íslandi mannúðarstarf afganska Rauða hálfmánans og Alþjóðaráðs Rauða krossins undir lok árs 2021 og var hluti styrksins nýttur á síðasta ári. Á fyrstu sex mánuðum 2022 veitti Rauði hálfmáninn eftirfarandi stuðning:

- 174.424 íbúar hlutu aðstoð við matvælaframleiðslu og 133.209 beina mataraðstoð.
- 6,9 milljónir íbúa fengu betra aðgengi að vatni og rafmagni.
- 121 sjúkrahús og heilsugæslur fengu stuðning.

PRÓUNARSAMVINNA

Malaví

Í Malaví hefur Rauði krossinn um árabíl unnið að því að auka viðnámsþol um 150 þúsund íbúa í þremur héruðum landsins. Það er gert með fræðslu um heilbrigði, bættu aðgengi að hreinu vatni og hreinlæti, styrkingu neyðarvarna og valdeffingu ungs fólks og barna, meðal annars með stuðningi við menntun. Verkefnið var innleitt af malavíska Rauða krossinum með samhæfðum stuðningi Rauða krossins á Íslandi og annarra landsfélaga, en samstarfið er leitt af danska Rauða krossinum. Verkefnið hefur verið dyggilega stutt af utanríkisráðuneytinu og fyrirtækinu Marel.

Sierra Leóne

Í Sierra Leóne stuðlar Rauði krossinn að auknu viðnámsþoli yfir 30 þúsund íbúa í sex héruðum. Verkefnið er innleitt af Rauða krossinum í Sierra Leóne og unnið í samvinnu við finnska Rauða krossinn. Verkefnið veitir heilbrigðisfræðslu, þ.m.t. fræðslu um kyn- og frjósemisheilbrigði, skaðsemi kynbundins ofbeldis, barna-brúðkaup og limlestingar á kynfærum stúlkna. Verkefnið miðar einnig að auknu aðgengi að hreinu vatni, auknu hreinlæti og bættum almannavörnum. Verkefnið er samfélags-drifið og leitt af íbúum sem mynda hópa og fá fjárstuðning til þess að stofna söfnunar- og lánasjóði. Mikil áhersla er lögð á þátttöku án aðgreiningar.

Um mitt ár var nýju samfélagsdrifnu trjáræktarverkefni hleypt af stokkunum. Yfir 40 samfélög fengu fræðslu og undirbúgg græðlinga og trjárækt ársins 2023. Verkefninu er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og um leið efla lífsviðurværi íbúa. Verkefnið er hluti af trjáræktaráttaki Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Afríku. Rauði krossinn á Íslandi sendi um sama leyti sendifulltrúa til að sinna starfi samhæfingarstjóra átaksins í Afríku sunnan Sahara í eitt ár, en hann hafði aðsetur í Sierra Leóne.

Forvarnar- og fræðslustarf

Í samvinnu við Rauða hálfmánann í Sómalíu og Rauða krossinn í Kanada fengu sjálfbóðaliðar þjálfun í vernd, jafnrétti og þátttöku án aðgreiningar, þar með talið í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, limlestingu kynfæra kvenna og í sálrænni skyndihjálp. Konum og stúlkum var einnig veitt aðgengi að tíðarvörum. Með stuðningi Rauða krossins á Íslandi innleiddi sómalski Rauði hálfmáninn svo nýja stefnu, annars vegar á sviði jafnréttis og fjölbreytileika og hins vegar stefnu um forvarnir gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun.

Rauði krossinn á Íslandi studdi landsfélögin í Sierra Leóne, Sómalíu og Malaví til að efla forvarnir gegn og viðbrögð við ofbeldi, mismunun og útilokun. Landsfélögin fengu þjálfun og tæknilega ráðgjöf varðandi þátttöku án aðgreiningar, kynjajafnrétti og vernd viðkvæmra einstaklinga. Þau gerðu mat á stöðu sinni í þessum efnum og að því loknu var gerð aðgerðaáætlun um úrbætur.

Verkefni til að brúa hið stafræna bil hélt einnig áfram á árinu, en verkefnið miðar að því að auka getu landsfélaga á sviði upplýsinga- og samskiptatækni. Á síðasta ári innleiddu landsfélögin í Malaví, Sierra Leóne og Ghana verkefnið.

Alþjóðleg verkefni

Rauða krossins á Íslandi og störf sendifulltrúa

Alls voru 20 einstaklingar af Veraldarvakt Rauða krossins við störf á árinu 2022 og þeir fóru í 27 starfsferðir.



Fjáröflun



Framlög frá fyrirtækjum sem studdu starf félagsins og Mannvinum Rauða krossins jukust um 58% milli ára. Þar munar mestu um öflugan stuðning við neyðarsöfnun félagsins vegna vopnaðra átaka í Úkraínu, en þetta er mesti árangur sem hefur náðst í fjáröflun frá upphafi.

Líkt og undanfarin ár var jólamerkimiðum dreift inn á heimili í landinu, en í ár voru miðarnir skreyttir með sama hjartamerki og var notað til kynningar fyrir fjáröflunarþáttinn Verum vinir, sem var á dagskrá RÚV 7. október. Miðarnir voru vinsælir og mikið nýttir af landsmönnum.

Í samstarfi við RÚV gerði Rauði krossinn sjónvarpsþáttinn Verum vinir, sem var á dagskrá 7. október, til að afla fleiri Mannvina og auglýsa starf félagsins. Verkefnið gekk vel og alls náðist

að safna 1800 nýjum Mannvinum, en einnig gáfu tæplega 400 einstaklingar og fyrirtæki staka styrki, upp á alls 27 milljónir króna.

Neyðarsafnanir

Tvær neyðarsafnanir voru haldnar á árinu; fyrir Úkraínu og vegna hungurs í A-Afríku. Alls safnaði Rauði krossinn á Íslandi 320 milljónum króna vegna átakanna í Úkraínu. Hluti af því fé var sendur til Úkraínu, en hluti hefur verið nýttur til að taka á móti flóttafólki hér á landi og í nágrannalöndum Úkraínu. Um milljón króna safnaðist einnig vegna hungurs í A-Afríku.

Fataverkefni

Rauði krossinn safnar fötum um allt land og selur í 19 verslunum sem staðsettar eru víðsvegar um landið, auk fjölmargra

markaða sem haldnir eru við ýmis tækifæri. Allt sem safnast í fatagáma Rauða krossins er endurnýtt eða sent til endurvinnslu erlendis. Eimskip er dyggur stuðningsaðili verkefnisins í formi flutnings bæði innanlands og utan.

Rauði krossinn afhenti endurgjaldslaust fatakort til bæði umsækjenda um alþjóðlega vernd og þeirra sem fengu alþjóðlega vernd, sem nýta má í ákveðnum verslunum Rauða krossins. Hvert kort er að andvirði 5.000 króna. Umsækjendur um vernd fengu alls 8.865 fatakort á árinu og fólk sem komið var með vernd fékk alls 4.314 fatakort árinu. Bæði börnum og fullorðnum er veitt þessi aðstoð og er stuðningurinn við börnin varðandi kuldafatnað fyrir íslenska skóla- og leikskólaveturinn sérstaklega mikilvægur.

Fjármál

Tekjur og framlög 2022

Með lokun farsóttarhúsa í mars lauk umfangsmikilli þátttöku Rauða krossins í kórónaveiruvíðbrögðum sem staðið hafði yfir frá árinu 2020. Í apríl lauk svo samningi um talsmannþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, en nýr samningur var gerður um sálfélagslegan stuðning við hópinn.

Viðbrögð vegna átaka í Úkraínu höfðu veruleg áhrif á rekstur félagsins á árinu. Um 320 milljónir bárust frá almenningi, fyrirtækjum og stjórnvöldum í vel heppnaðri fjársöfnun til styrktar þolendum átakanna í Úkraínu.

Heildartekjur ársins voru 2.955 milljónir. Tekjur af samningsbundnum verkefnum fyrir ríki og sveitarfélög lækkuðu um tæp 30% milli ára og voru 1.083 milljónir. Tekjur af söfnunarkössum hækkuðu í kjölfar aflettingar samkomutakmarkana og námu 349 milljónum. Styrkir og

framlög frá almenningi og fyrirtækjum námu alls 641 milljónum.

Alls varði Rauði krossinn á Íslandi 2.859 milljónum til verkefna og reksturs, þar af fóru 1.025 milljónir í starf innanlands. Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um vernd nam 291 milljón og kostnaður við rekstur farsóttarhúsa var 198 milljónir.

Framlög í alþjóðlegt hjálparstarf og alþjóðasamstarf var 667 milljónir. Hæstu framlögin voru vegna vopnaðra átaka í Úkraínu sem námu 157 milljónum. Alls fóru 327 milljónir til Sierra Leóne, Sómalíu, Malaví og annarra verkefna í Afríku. Áfram var stutt við björgunarstörf vegna flóttafólks í Miðjarðarhafi.


Fataverkefnið skilaði 37 milljóna hagnaði. Sala í fataverslunum gekk vel en afkoma af útlutningi var áfram mjög slæm. Flutt voru út til sölu erlendis tæp 2.400 tonn.

Gríðarleg aukning var í stuðningi félagsins í formi fatagjafa til flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd en sá hópur meira en tvöfaldaðist í stærð, einkum vegna fólks á flótta frá Úkraínu. Alls var úthlutað fatnaði til tæplega 4.200 einstaklinga að verðmæti 73 milljóna.


Rekstrartekjur Sjúkrabílasjóðs voru 732 milljónir, þar af komu 245 milljónir frá Sjúkratryggingum en eigið framlag Rauða krossins til reksturins var 18 milljónir. Engir nýir sjúkrabílar bættust við þetta árið, en fjárfesting í búnaði nam 67 milljónum.

Launagreiðslur voru alls 1.094 milljónir á árinu. Stöðugildi hjá félaginu voru að meðaltali 99 og þar af voru að jafnaði 3 sendifulltrúar að störfum erlendis.


Próun tekna í milljónum króna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Útgjöld eftir verkefnum



Verkefni innanlandsstarfs



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2022	2021	2020	2019	2018
Söfnunarkassar	349	284	201	427	510
Frjáls framlög	642	546	789	389	416
Samningar við stjórnvöld	1.083	1.515	1.034	967	971
Sjúkraflutningar	468	425	308	361	345
Sölustarfsemi	392	395	309	409	429
Aðrar tekjur	20	94	124	167	117
Samtals	2.955	3.259	2.765	2.719	2.788

Framlög til verkefna í milljónum króna	2022	2021	2020	2019	2018
Alþjóðlegt hjálparstarf	587	391	501	371	441
Alþjóðasamstarf	80	68	49	84	72
Innanlandsstarf	1.025	1.396	1.162	1.127	1.234
Sjúkraflutningar	555	526	491	465	425
Hjálparsíminn 1717	55	47	47	34	46
Athvörf Rauða krossins	0	32	124	116	115

Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2022	%
Innanlandsstarf	1.025	36%
Alþjóðlegt hjálparstarf	587	21%
Alþjóðasamstarf	81	3%
Sjúkraflutningar	555	19%
Fjáröflun og kynning	445	16%
Önnur starfsemi	166	6%
Samtals	2.859	100%

Sundurliðun innanlands	2022	%
Deildarstarf	159	16%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	139	14%
Skaðaminnkun	96	9%
Hjálparsíminn	54	5%
Flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd	291	28%
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	198	19%
Félagslegur stuðningur	62	6%
Önnur verkefni	26	3%
Samtals	1.025	100%

Sundurliðun alþjóðlegs hjálparstarfs	2022	%
Neyðaraðstoð	275	47%
Þróunarsamvinna	228	39%
Sendifulltrúar	84	14%
Samtals	587	100%



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is